



## Dró úr hagvexti á fjórða ársfjórðungi

Samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands jókst landsframleiðslan um 4,4% á fjórða ársfjórðungi borið saman við sama tímabil árið áður. Þetta var þriðji ársfjórðungurinn í röð með jákvæðum hagvexti og er frekari staðfesting á því að hagkerfið er að koma sér upp úr öldudalnum. Hagvöxtur nam 4,3% á síðasta ári en það er nokkuð minna en við og Seðlabankinn höfðum spáð. Spá okkar frá því í október hljóðaði upp á 5,1% hagvöxt en spá Seðlabankans frá því fyrr í þessum mánuði hljóðaði upp á 4,9%.



Hagvöxturinn á fjórða fjórðungi var nokkuð minni en á öðrum og þriðja fjórðungi þegar hann lá á bilinu 6,6-6,8%. Minni vöxt en þá má skýra með minni vexti útflutnings og fjárfestingar og meiri vexti innflutnings. Framlag útflutnings til hagvaxtar jákvætt um 5,6% á fjórða fjórðungi en það lá á bilinu 8,8-11,4% á öðrum og þriðja fjórðungi. Framlag fjármunamyndunar var jákvætt um 2,9% á fjórða fjórðungi borið saman við á bilinu 3,3-5,1% á öðrum og þriðja fjórðungi. Framlag einkaneyslu reyndist 6,9% sem er mun meira framlag en á öðrum og þriðja fjórðungi.

### Einkaneysla 10% meiri en fyrir faraldur

Vöxtur einkaneyslu reyndist mjög kröftugur á fjórða fjórðungi og var einkaneysla 12,9% meiri en á sama tímabili 2020. Þetta er mesti vöxtur einkaneyslu milli fjórðunga síðan á öðrum fjórðungi 2005 eða í rúmlega 16 ár. Vöxturinn litast þó töluvert af þeim áhrifum sem faraldurinn hefur haft á einkaneyslu. Þannig hafa hvers kyns takmarkanir í faraldrinum haft þau áhrif að færa neyslu meira milli fjórðunga en í venjulegu árferði sem hefur leitt til meiri sveiflna í vexti á 12 mánaða grundvelli. Engu að síður var einkaneysla 10% meiri á fjórða fjórðungi en á sama fjórðungi fyrir faraldur, þ.e. fjórða fjórðungi 2019.

### Dró úr aukningu fjárfestingar í hagkerfinu

Fjárfesting í hagkerfinu jókst um 13,8% sem var minni vöxtur en á öðrum og þriðja fjórðungi. Vöxturinn á fyrsta fjórðungi nam 24,1% og 15,9% á þriðja fjórðungi. Vöxturinn á síðustu þremur fjórðungum ársins var nánast allur borinn af vexti





atvinnuvegafjárfestingar. Íbúðafjárfesting dróst saman á þriðja og fjórða ársfjórðungi og var framlag hennar til heildarfjárfestingar því neikvætt. Opinber fjárfesting jókst um 15,9% á fjórða fjórðungi sem er meiri vöxtur en á öðrum fjórðungum ársins. Vöxtur atvinnuvegafjárfestingar var 23,3% á öðrum fjórðungi borið saman við 37,8% á öðrum fjórðungi og 32,1% á þriðja fjórðungi. Sá vöxtur skýrist síðan að mestu leyti af vexti almennrar atvinnuvegafjárfestingar.

### Bæði minni vöxtur vöruútflutnings og þjónustuútflutnings


Vöxtur útflutnings var 15,1% á fjórða fjórðungi sem er töluvert minni vöxtur en á bæði öðrum og þriðja fjórðungi. Vöxturinn var 26,9% á öðrum fjórðungi og 32,2% á þriðja fjórðungi. Minni vöxtur útflutnings skýrist bæði af minni vexti þjónustuútflutnings og vöruútflutnings. Vöruútflutningur jókst um 2,8% á fjórðungnum sem var minnsti vöxturinn á síðasta ári. Þjónustuútflutningur jókst um 35,7% borið saman við á bilinu 53-74,1% vöxt á öðrum og þriðja fjórðungi. Vöxtur þjónustuútflutnings skýrist að langmestu leyti af vexti ferðaþjónustu en það sem dró niður heildarvöxt ferðaþjónustu var að tekjur af hugverkaréttindum drógust saman um 16,4 ma.kr. eða 44% milli ára.

### Aframhald á kröftugum vexti innflutnings

Vöxtur innflutnings var mikill á öðrum og þriðja fjórðungi og varð engin breyting þar á, á fjórða fjórðungi. Vöxtur innflutnings var 34,7% á fjórða fjórðungi sem er ívið meiri vöxtur en á öðrum og þriðja. Vöruinnflutningur jókst um 26,4% en þjónustuinnflutningur um 55%. Langmest af vexti þjónustuinnflutnings kemur til af mikilli aukningu ferðalaga landsmanna til annarra landa. Þannig jókst innflutningur ferðalaga um 26,2 ma.kr. á föstu gengi krónunnar á fjórða fjórðungi og var það ríflega þrefalt meira en á sama tímabili árið 2020.


Þróunin í innflutningi markast að miklu leyti af þróun í einkaneyslu og atvinnuvegafjárfestingu yfir tíma. Aukin einkaneysla og atvinnuvegafjárfesting koma að miklu leyti í gegnum önnur lönd og skila sér því í auknum innflutningi. Aukinn vöruinnflutningur á fjórða fjórðungi má skýra með ýmsum þáttum. Þar má telja aukningu í innflutningi

### Fjármunamyndun og framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

### Vöxtur útflutnings og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

### Vöxtur innflutnings og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands



Þotueldsneytis og gasolíu. Aukinn innflutningur á þotueldsneyti kemur til af meiri flugsamgöngum og aukinn innflutningur á gasolíu má líkast til skýra að töluverðu leyti með loðnuveiðum sem fara vanalega ekki fram á fjórða fjórðungi. Þessu til viðbótar kemur til aukning á súráli en mikil hækkun álverðs hefur aukið framleiðsluna hér á landi. Einnig var innflutningur fólksbíla að aukast verulega eða um 55% á föstu gengi.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.